

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum fyrir
Byggingarsamvinnufélagið „Samtök aldraðra“.

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973, sbr. 79. gr. laga nr. 51 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélagið „Samtök aldraðra“.

Frá sama tíma falla úr gildi samþykktir fyrir félagið sem staðfestar voru 10. maí 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

10. júní 1981.

Nr. 290.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Hafnarfjarðar.

1. Fullorðnir, einstök skipti	kr.	7,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	—	45,00
2. Börn, einstök skipti	—	3,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	—	15,00
3. 67 ára og eldri greiði 1/2 gjald		
4. Sjúkrakort (samkv. læknisvottorði) ókeypis		
5. Baðstofa: Almenningsstími	—	12,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	—	70,00
Einkatímar	—	55,00
6. Leiga á sundfötum, handklæðum, lökum og teppum	—	5,00
7. Sólarauki, einstök skipti, 30 mínútur	—	35,00
Ef keyptir eru 10 miðar í senn, kosta þeir	—	300,00

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

9. júní 1981.

Nr. 291.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983.

Hinn 27. maí 1981 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983, að svæði um 40 hektarar að stærð í Ártúnsholti breytist úr svæði fyrir opinberar stofnanir og útivistarsvæði í íbúðar- og atvinnusvæði.